

REGLUGERÐ

um Kennaraháskóla Íslands.

I.

Réttindi, markmið og inntaka nemenda.

Réttindi.

1. gr.

Kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands veitir réttindi til að kenna í skyldu-námsskólum og í yngri aldursflokkum, er að því stigi liggja og heimildir eiga á skólavist á kostnað ríkisins og sveitarfélaga.

Markmið.

2. gr.

1. Námið skal við það miðað, að kennaraefni öðlist fræðilegt og verklegt vald á kennslugreinum og öðrum viðfangsefnum skólastigsins og leikni í að miðla þekkingu og efla kunnáttu. Þjálfarar skal kennaraefni í hagkvæmum og skipulegum vinnubrögðum, verklegum sem fræðilegum, í sjálfstæðu starfi sem samvinnu, og áhersla lögð á alúð og skyldurækni.
2. Kennaraefni skulu öðlast þekkingu til að meta námsmarkmið, námsefni og námsárangur auk þess heildarskilnings á nemandanum, samfélagi hans og umhverfi öllu, er gerir þau hæf til að leiðbeina honum og ástunda samvinnu við vanda-menn hans, sérfræðinga og aðra aðila, er uppeldisstörfum sinna og aðild mega eiga að góðu gengi nemandans.
3. Efla skal með kennaraefnum vilja til sífelldrar endurnýjunar á eigin hæfni.
4. Kennaraháskólinn skal jafnan taka mið af markverðum nýjungum í vísindum og viðhorfum, er uppeldismál varða, hafa frumkvæði um að sannreyna gildi þeirra í íslensku umhverfi, leita nýrri og haldbetri kenninga og aðferða í námi og kennslu og vekja athygli yfirstjórnar skólans á æskilegum breytingum á skólahaldi og fræðslulöggjöf.
5. Skólinn skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið annast endurmenntun og viðbótarmenntun kennara á skyldunámsstigi með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á nýjungum í skóla- og uppeldismálum, sbr. X. kafla þessarar reglugerðar.

Inntaka nemenda.

3. gr.

1. Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólastjórnar eða skólaráðs í umboði hennar.
2. Inntökuskilyrði í Kennaraháskóla Íslands eru:
 - a. Stúdentspróf, og sé einkunn í íslensku eigi lægri en 5.
 - b. Annað nám, ef skólastjórn telur það jafngilt, og menntamálaráðuneytið fellst á mat hennar, enda hafi umsækjandi að dómi skólastjórnar fullnægjandi undirstöðumenntun til að hefja kennaranám.
 - c. Þeir sem lokið hafa kennaraprófi eða prófi úr framhaldsdeild skólans eftir árlangt nám, geta bætt við sig námi í Kennaraháskólanum, þegar hann hefur

- tekið til starfa að fullu, sbr. 4. gr. 2. E. Þó skal þeim gerður kostur á að hefja námið eigi síðar en haustið 1974.
- d. Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda með hliðsjón af hæfniprófi eða öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir ákvæðum þessarar greinar, sbr. 2. tölulið b og c. Eigi skal beita slíku mati nema rektor æski þess, en tveir viðurkenndir sérfræðingar annist það, og sé annar sálfræðingur, hinn læknir.
3. Nemandi skal eigi haldinn neinum kvilla, er öðrum geti að meini orðið eða hamli skólavist að dómi skólastjórnar, enda leiti hún álits sérfræðings, sálfræðings eða læknis, eftir því sem við á, áður en synjað er um skólavist af þeim sökum, er hér getur.

II.

Námstími og nám.

4. gr.

1. Skipuleggja skal námið sem þriggja ára nám. Í hverju skólaári skulu vera allt að 35 starfsvikur. Menntamálaráðuneytið getur leyft allt að hálfmánaðar vik frá þessu ákvæði.

Námstími er frá 1. september — 15. júní og skiptist á haustmisseri frá 1. september — 24. janúar og vormisseri frá 25. janúar — 15. júní.

Jólaaleyfi hefst 20. desember, kennsla hefst 7. janúar; páskaleyfi hefst miðvikudag fyrir skírdag, kennsla hefst þriðja í páskum; hvítasunnuleyfi hefst laugardag fyrir hvítasunnu, kennsla hefst þriðjudag eftir hvítasunnu.

Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta og 1. desember.

Ef námsefni í Kennaraháskóla Íslands skiptist í 12 hluti og hver hlutur jafngildir um það bil 6 ársvikustundum, skulu hlutföll einstakra greina vera nálægt því, er hér segir, að frádregnum þeim tíma skólaársins, sem varið er til áheyrnar, æfingakennslu og námskeiða:

A. Almenn kennaranám.

- a. Uppeldisgreinar bóklegar, kjarni, 2 hlutir.
- b. Kennsluefni skyldunámsskóla.

1) Kjarni: 4 hlutir. Námi í kjarna skal ljúka að því leyti, sem fært er, á fyrsta ári.

2) Tvær valgreinar, 4 hlutir. Hafi nemandi áður lokið fullgildu námi í valgrein, sbr. 8. gr., er honum heimilt að taka hvort heldur er eina eða tvær valgreinar, sbr. og 5. gr. 2. D.

- c. Uppeldisfræðilegt sérsvið og áheyrn, 2 hlutir.

B. Nám handavinnukennara skal vera:

- a. 2 hlutir í bóklegum uppeldisgreinum kjarna, er skiptist jafnt á öll námsárin.
- b. 1 hlutur í öðrum greinum kjarna, sem ljúka skal á 1. ári.
- c. 2 hlutir í bóklegri valgrein, skiptist á 2. og 3. ár.
- d. 7 hlutir í handlistum, er skiptist jafnt á öll námsárin.

Heimilt er að víkja frá skipan þessari á niðurröðun námsefnis, ef brýn ástæða þykir til af hagræðingarsökum.

Í námskjarna skulu þeir, er velja handavinnu sem aðalgrein, leggja stund á uppeldisgreinar til jafns við þá kennara, er velja bóklegar greinar.

- Af öðru efni hins almenna námskjarna skulu þeir kjósa fjórar úr hópi eftirtalinna greina: íslensku, siðfræði, skrift, teikningu, líffræði, sbr. 5. gr.
- C. Verklegt nám, æfingakennsla og annað starf á vettvangi, 12 vikur hið minnsta.
- D. Fjalla skal um efni á námskeiðum, ef betur hentar en að skipa því á samfellda stundaskrá námsmisseris.
- E. Nám þeirra, sem teknir eru í skólann skv. 3. gr. 2. c, skal skipulagt þannig, að nemendum sé gerður kostur á að ljúka prófi á uppeldislegu sérsviði og í 2 valgreinum á 2 árum, og sitji þeir a. m. k. annað árið í skólanum. Námsgreinar þær, sem kenndar eru ár hvert, skulu auglýstar í samráði við menntamálaráðuneytið eigi síðar en 16 mánuðum áður en kennsla hefst. Kostur skal og gerður á námskeiðum í einstökum greinum námskjarnans, ef skólaráð mælir með því.

5. gr.

1. Greinar í kjarna eru:

A. Bóklegar greinar:

a. Uppeldisgreinar, b. íslenska og íslensk fræði, c. félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristinfræði, d. stærðfræði, e. líffræði.

B. List- og verkgreinar:

a. Teiknun og handavinna, föndur, skrift, b. söngur og tónfræði, c. íþróttir og fimleikafræði. — Í kjarna er auk þess námsefni það, sem getið er í 3. tl. þessarar greinar, nema vélritun og leiklist, sbr. þann tölulið.

2. Valgreinar:

A. Hvert kennaraefni skal velja tvær bóklegar greinar, nema handavinnukennarar; þeir velja eina bóklega grein auk handavinnu.

B. Valgreinar eru:

Íslensk fræði, kristinfræði, stærðfræði, handavinna, saga, félagsfræði, landafræði, líffræði, eðlis- og efnafræði, danska, enska.

C. Uppeldisleg sérsvið eru þrjú og taka til kennslu í yngstu aldursflokkum í skyldunámi, elstu aldursflokkum þess og kennslu afbrigðilegra ungmenna. Fjölga má sérsviðum með samþykki ráðuneytis.

D. Heimilt er kennara, sem lokið hefur prófi frá Kennaraháskóla Íslands, að auka við sig sérsviði eða valgrein.

3. Námskeið.

A. Námskeið í kjarna:

a. Hjálp í viðlögum, b. nýsikennsla, hönnun og gerð kennsluefnis, c. umferðarfræðsla, d. starfsfræðsla, e. fjölskyldufræði.

B. Ef styrkbær fjöldi nemenda æskir þess, skal og halda námskeið í vélritun og leiklist. Skal leiklistarkennslan miðuð við gildi og gagnsemi leiklistar í starfi skyldunámsskóla. Er það nám valfrjálst að öllu.

6. gr.

Námsgreinar skólans skiptast í skorir, sem hér segir:

1. Uppeldisgreinar: sálarfræði, uppeldisfræði, skólasaga, kennslufræði og kennsluæfingar.
2. Félagsgreinar: félagsfræði, saga, siðfræði, trúarbragðasaga og kristin fræði.
3. Mál: íslenska og íslensk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, danska, enska.
4. Raungreinar: eðlisfræði, efnafræði, líffræði, landafræði, auk stærðfræði.

5. List- og verkgreinar: skrift, vélritun, teiknun og handavinna, söngur og tónfræði, leiklist, íþróttir og fimleikafræði.

Í námsskrá er mælt fyrir um efnisatriði einstakra námsgreina.

Heimilt er stjórn skólans að fækka eða fjölga kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Rektor veitir nemendum undanþágu frá íþróttum og handlistum, ef læknir mælir með því.

8. gr.

Rektor getur, að fengnum meðmælum skólaráðs, viðurkennt fyrra nám kennaranna í einstökum greinum og þegið hann undan því að stunda nám í þeim, enda sé það hliðstætt námi í Kennaraháskólanum.

Umsókn um slíka undanþágu ásamt skilríkjum um námið skal senda rektor.

9. gr.

Starfstími skólaársins skiptist á samfellda kennslu, námskeið, æfingakennslu, sjálfstæða námsvinnu og próf.

10. gr.

1. Um áheyrn og skipan æfingakennslu á misseri segir í námsskrá.
2. Í valgreinum öllum, aðalgreinum sem sérsviði, skal sérstökum tíma varið til sjálfstæðrar námsvinnu eftir ákvörðun rektors. Má þá fella niður aðrar námskvaðir á þeim tíma allt að tveimur vikum á ári.
3. Leiðsögutímar skulu vera í öllum námsgreinum, sbr. 18. og 20. grein. Rektor ákveður fjölda leiðsögutíma með hliðsjón af fjölda nemenda og stundafjölda í grein.

11. gr.

Stundafjöldi í einstökum greinum skal vera sem hér segir á viku hverri:

Námssgreinar	1. ár			2. ár			3. ár			Alls
	alls	1. miss.	2. miss.	alls	3. miss.	4. miss.	alls	5. miss.	6. miss.	
Uppeldisgreinar	4			4			4			12
Sálarfræði		2	2		2	2		2	4	
Kennslufræði			2		2	2		2		
Skólasaga		2								
Félagsgreinar	6						1			7
Félagsfræði		2	2							
Trúarbragðas. og kristinf.		4	4							
Siðfræði								2		
Mál	5						1			6
Íslhljóðfræði									2	
Íslensk fræði		5	5							
Raungreinar	7									7
Stærðfræði		5	5							
Líffræði			2							
Heilsufræði		2								
List- og verkgreinar	6			5			2			13
Skrift					1	1				
Handavinna, föndur					2	2				
Teikning		2	2							
Söngur		2	2		(1)	(1)		(1)	(1)	
Íþróttufræði								2	2	
Leikfimi		2	2		2	2				
Valgreinar				12			12			2×12
2. valgrein					6	6		6	6	eða 24
2. valgrein					6	6		6	6	
Sérsvið				3			3			6
Sálarfræði										
Kennslufræði					3	3		3	3	
Námsefni										
Alls	28	28	28	24	24+(1)	24+(1)	23	23+(1)	23+(1)	75

Heimilt er að kenna eina stund í söng vikulega á 2. og 3. námsári.

Ef sérstök rök mæla með því, getur rektor, að höfðu samráði við skólaráð, skipað námsefni á annan veg á kennslumisseri. Enn fremur er heimilt að gera kennaraefnum kost á allt að 3 stundum vikulega eftir frjálssu vali í list- og verkgreinum á 2. og 3. námsári. Skal það tengt námi þeirra, er velja verkgreinar sem aðalgrein, eftir því sem hagkvæmast þykir.

12. gr.

Á eftirtöldum námskeiðum skal stundafjöldi vera nálægt því sem hér segir:

Hjálp í viðlögum	12 stundir
Nýsikennsla og gerð kennsluefnis	16 stundir
Umferðarfræðsla	8 stundir
Starfsfræðsla og fjölskyldufræði	20 stundir

Námskeið þessi skulu að jafnaði haldin á skilum kennslumissera. Fjölga má eða fækka, að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið, viðfangsefnum á námskeiðum, og má þá ákveða þeim annan tíma, ef betur hentar eðli viðfangsefnis.

13. gr.

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, í námsgengjum og sjálfstæðri vinnu nemenda undir leiðsögn, og skila þeir skýrslum, ritgerðum og öðrum verkefnum eftir því sem námsskrá ákveður.

14. gr.

Skorarstjórar skulu gera áætlun um námsskipan og rannsóknastörf innan skorar fyrir miðjan mars ár hvert. Skólaráð fjallar síðan um tillögur skorarstjóra og annarra kennara, sbr. 42. gr. 6. tl. Rektor raðar tillögum í heildarstundaskrá, sbr. þó 44. gr. 2. tl.

15. gr.

Skipan nemenda í námshópa skal háð samþykki rektors.

1. Í kjarnagreinum er heimilt að efna til nýs námshóps, ef nemendur eru fleiri en 20.
2. Í valgreinum og á uppeldislegu sérsviði skal að jafnaði efnt til nýs hóps, ef fleiri eru en 20. Þó má efna til nýs flokks, þó að færri séu, ef ekki er unnt að taka eðlilegt valfrelsi til greina með öðrum hætti.
3. Í hljóðfæraleik má skipa 5 nemendum í flokk, og einum í raddþjálfun og einleik, ef sérstaklega stendur á.

16. gr.

1. Kennarar skulu halda skrá um tímasókn kennaraefna. Rektor lætur kennaraefnum í té námsferilsbækur, og bera þeir ábyrgð á, að þær séu færðar. Í námsferilsbók staðfestir kennari eða annar leiðbeinandi, að kennaraefni hafi tekið þátt í tilskildu námi og lokið verkefnum með fullnægjandi hætti.
2. Við lok hvers námsáfanga skilar kennari — skorarstjóri, ef fleiri kennarar eru um sömu grein — rektor skrá yfir þá nemendur, er sótt hafa 80% kennslustunda hið fæsta, sbr. þó 22. gr. 1.tl. Ef sérstök rök mæla með því, getur rektor og hlutaðeigandi kennari heimilað nemanda, er eigi hefur tilskildar tíma- stundir, að sanna, að hann hafi tileinkað sér námsefnið með öðrum hætti. Af því gerðu lætur rektor nemanda í té vottorð um, að hann hafi farið yfir námsefnið.
3. Nemendum er skylt að taka þátt í námsferðum. Þó eigi fleiri en einni á misseri í hverri aðalgrein og á uppeldislegu sérsviði.

Ef örðugar aðstæður eða gild forföll önnur en veikindi, staðfest af trúnaðarlækni, hamla nemanda að fara námsferð, skal kennari gera honum kost á eða viðurkenna sérverkefni af hans hendi.

III.

Kennslan.

17. gr.

1. Kennaraháskóli Íslands skal vera vísindaleg fræðslu- og rannsóknastofnun í uppeldis- og kennslufræðum. Rannsóknastörfin skulu einkum beinast að sálar- og uppeldisfræðilegum markmiðum, námsefni og kennsluaðferðum, og tengjast kennslunni í hverri námsgrein skólans eftir því, sem ástæður eru til.

Í rannsóknastarfi sínu skulu vísindamenn skólans í hverri skor leggja sérstaka áherslu á kennslufræði greinar sinnar, fylgjast með stöðu hennar og hlutverki innan íslenska skólakerfisins á hverjum tíma og meta með hliðsjón af gildi hennar vinnubrögð, aðferðir og aðstöðu í skólum landsins og vinna að því, að kennaraefnum verði miðlað þeirri kunnáttu og leikni, sem hæfa námsgreininni, stöðu hennar og hlutverki í skólum landsins.

2. Í hverri grein skal kappkostað að kynna nemendum námsmarkmið, vinnulag, heiti og tæki, þjálfá þá við að orða á skýran hátt viðfangsefni hennar og sérlegan vanda, temja þeim sjálfstæð vinnubrögð og glæða skynbragð þeirra á innri tengsl, fléttur og skörun hinna ýmsu greina. Sérstök áhersla skal lögð á að skýra gildi greinarinnar og hlutverk í kennaranámi, og gaumgæfa skal val á efni og aðferðum í námi og kennslu. Einkum á þetta við um greinar skyldunáms, og skal jafnframt fjallað um hlutverk greinarinnar í skyldunámi.

Í kjarnagreinum skal kennsla yfirleitt miðuð við almenna menntun og bekkjarkennslu, en í valgreinum einnig við skyldunámsstigið allt.

3. Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu skipta með sér verkum til þess að forðast tvíverknað, eftir því sem samrýmist hagsmunum nemenda, mannafla og aðstöðu hvors skóla um sig, og viðurkenna sambærilegar náms- einingar eða námsþætti hvor annars.

Kennaraháskólinn skal og hafa hliðstætt samstarf við aðra skóla, er mennta kennara í sérgreinum.

18. gr.

1. Rektor ákveður hlutfall kennsluþátta, sbr. 13. grein, að fengnum tillögum skorarstjóra og að höfðu samráði hans við kennara hverrar greinar, sbr. 10. gr. 2. tl.
2. Gera má nemendum að tileinka sér skilgreinda hluta námsefnis, þótt ekki sé um þá fjallað í kennslustundum.

19. gr.

Við upphaf kennslu greinir kennari nemendum frá námi í næsta áfanga, markmiðum, efnisvali og vinnubrögðum, og bera þeir ráð sín saman þar um. Gerir kennari síðan endanlega áætlun um námið innan þess ramma, sem námsskrá markar, sbr. einnig 14. grein. Eins skal farið að, ef þörf gerist á að endurskoða áætlun á kennslutíma.

Við lok námsáfanga meta kennari og nemendur áætlun sína með hliðsjón af markmiðum og fenginni reynslu.

20. gr.

Kennarar eru nemendum til leiðsögu við nám þeirra utan kennslustunda um efni í námsgrein sinni eða önnur, er við hana jaðra. Er sú aðstoð veitt í leiðsögu- tímum, sbr. einnig 42. gr. 6. tl.

IV.

Próf og einkunnir.

Skráning.

21. gr.

1. Námi lýkur með B. Ed.-prófi, sem veitir réttindi til kennslu á skyldunámsstigi.
2. Nemendur láta skrá sig til prófs.
3. Nemandi skráir sig til prófs á því misseri, er kennslu lýkur í greininni.
4. Skráning til prófs á haustmisseri skal gerast fyrir lok nóvembermánaðar og á vormisseri fyrir lok marsmánaðar.
5. Við skráningu til prófs skulu notuð eyðublöð, er tilgreina prófreglur. Skal umsóknum skilað til rektors.

22. gr.

1. Til að fá að taka próf, skal nemandi hafa sótt 80% kennslustunda hið minnsta að meðaltali í öllum kennslugreinum og í engri grein minna en 50% á hverju misseri. Þó skal hann sækja 80% í hverjum þætti kennsluæfinga á misseri. Hann skal og hafa skilað verklegum úrlausnum, sem fullnægja lágmarkseinkunnum í greininni, sbr. 16. gr. 1. tl.
2. Ef svo er mælt fyrir í námsskrá einstakra greina, að nemandi ljúki tilteknum námskeiðum eða verkefnum, svo sem skýrslum, ritgerðum, starfi í rannsóknargengjum, námsgengjum eða skili annarri skyldri vinnu, sbr. 12.—13. gr., verður hann því aðeins skráður til prófs, að hann skili vottorðum frá hlutaðeigandi kennara um að hann hafi lokið tilskildum verkefnum með fullnægjandi hætti, sbr. 16. gr. 1. tl.
3. Svo og skal nemandi skila vottorðum, eigi síðar en í byrjun 5. misseris, um að hann hafi tekið þátt í almennum framleiðslu- eða þjónustustörfum eigi skemur en 4 mánuði samanlagt á námstímanum, eða árinu áður en kennaranám var hafið, eða starfað eða notið jafnlengi verklegrar þjálfunar á uppeldisstofnun.

23. gr.

1. Ef nemandi er skráður til prófs, en þreytir það ekki, er honum heimilt að endurskrá sig næst, þegar reglulegt próf er þreytt, enda hafi hann tilkynnt forföll.
2. Ef nemandi hefur ekki náð einkunninni 4 eða 5, þar sem þess er krafist, er honum heimil endurtekning, sbr. 29. gr. 4.
3. Endurskráning til prófs í sömu grein er heimil tvisvar. Jafnoft er heimil endurseta í námi.

24. gr.

Heimilt er nemanda að vera fjarverandi frá námi allt að fjórum kennslumiss-
erum, enda hafi hann tilkynnt rektor það skriflega fyrirfram.

25. gr.

1. Eftirlit, próf og námsmat skal vera, eftir því sem við verður komið, eðlilegur þáttur eða lokastig í námi og þjálfun og miðast m. a. við verklegar æfingar og ritgerðir, hlutlæg próf, svo og þau vinnubrögð önnur, sem veita nemendum sem gleggsta vitneskju um vald þeirra á námsefninu og örva þá til frekari dáða.
2. Svo skal haga gerð prófa, að þau standist fræðilegar kröfur um áreiðanleik, svo og réttmæti í samræmi við markmið námsins.

Próf skal jöfnum höndum eða eftir atvikum leiða í ljós:

- a. Þekkingu nemandans á námsefninu, hversu tillæk hún er, samvirk og heil í tengslum.
 - b. Öryggi nemandans að beita þekkingu sinni við raunhæf verkefni.
 - c. Hæfni hans og kunnátta í fræðilegri skýringu.
3. Próf skulu haldin í öllum námsgreinum fyrsta árs. Skera þau og starf nemanda úr um það, hvort hann haldi áfram námi annars og þriðja árs, sbr. 29. gr.

26. gr.

1. Námsefni skal, eftir því sem námsskrá ákveður, skipt niður í námsáfanga. Lýkur námi í hverjum áfanga með prófi eða annars háttar mati. Þó skal heimilt, ef skólastjórn æskir þess og ráðuneytið fellst á það, að haga lokaprófi í tilteknum greinum svo, að það nái til tveggja eða fleiri áfanga í námsefni annars og þriðja árs. Lokapróf hvers áfanga eða námsgreinar er hluti af kennaraprófi.
2. Gefa skal starfseinkunn fyrir ritgerðir og aðrar verklegar úrlausnir í bóklegum greinum, sbr. námsskrá, og meta móti úrlausnum á prófi til árseinkunnar í hlutfallinu 1:2, hvort sem prófinu er lokið á haust- eða vormisseri.

Í list- og verkgreinum skal hlutfall starfs- og prófseinkunnar vera 2:1.

27. gr.

1. Auk almennra ákvæða skulu próf fara eftir þeim reglum, sem settar eru í námsskrá einstakra greina. Ef skorarstjóri, að höfðu samráði við hlutaðeigandi kennara, telur ástæðu til að víkja frá ákvæðum um það, hvort próf skuli vera skriflegt, munnlegt eða verklegt, getur rektor veitt heimild til þess, enda dæmist breytt prófaðferð jafngóð til að meta verðleika nemandans.
2. Ef sérlega stendur á, getur ráðuneytið heimilað, að vikið sé frá ákvæðum um námsefni og tilhögun prófs einstakra nemenda, að fengnu áliti rektors.

28. gr.

1. Próftími er í lok kennslumisseris, og skal að jafnaði eigi vera lengri en tvær vikur.
2. Sjúkrapróf eru haldin í síðari hluta ágústmánaðar, enda séu veikindaforföll staðfest af lækni.

29. gr.

1. Prófdómarar, skipaðir af ráðuneytinu til fjögurra ára, að fengnum tillögum rektors, skulu dæma með kennara úrlausnir á lokaprófum til kennaraprófs.
2. Að öðru jöfnu skulu prófdómarar valdir úr hópi kennara, og sé eigi lengra um liðið en 5 ár frá því að þeir fengust við kennslu, er þeir eru skipaðir í fyrsta sinn.
3. Ef ekki koma til önnur ákvæði, semur kennari verkefni, en ber þau undir prófdómara til staðfestingar.

4. A. Um próf á fyrsta ári.

- a. Prófgreinar eru þessar:

Bóklegar greinar:

- 1) Uppeldisgreinar.
- 2) Íslenska og íslensk fræði.
- 3) Kristinfræði og trúarbragðasaga.
- 4) Stærðfræði.
- 5) Félagsfræði.
- 6) Líffræði og heilsufræði.

List- og verkgreinar:

- 1) Teiknun og handavinna.
 - 2) Söngur og tónfræði.
 - 3) Íþróttir og fimleikafræði.
- b. Próf fara fram í lok hvers misseris, eftir þeim reglum, sem settar eru í námskrá einstakra greina, sbr. þó 26. gr. um skipun þeirra í námsáfangar og annað mat á þeim. Veita má fölluðum nemanda undanþágu frá prófi í verklegum íþróttum eða öðrum þáttum list- og verkgreina, er hann að mati læknis getur ekki stundað sér til ávinnings.
 - c. Í lok vormisseris skal prófað í öllum greinum, sem ekki var lokið og prófað í á haustmisseri.
 - d. Til að standast prófið skal meðaltal árseinkunna, sbr. 26. gr. 2., eigi vera lægra en 5 í bóklegum greinum og list- og verkgreinum hvorum fyrir sig, og árseinkunn eigi vera lægri en 5 í íslensku og uppeldisgreinum og eigi lægri en 4 nema í einni grein.
 - e. Ef nemandi nær tilskildu meðaltali árseinkunna, en stenst ekki próf í námsgrein, er honum heimilt að þreyta próf að hausti. Nái nemandi ekki tilskildu meðaltali, er honum heimil endurseta eða að þreyta að hausti próf í þeim greinum, þar sem hann var undir 5.

B. Um próf og námsmat á 2. og 3. ári.

Prófgreinar eru þessar:

a. Uppeldisgreinar:

Uppeldisfræði.

Sálarfræði.

Kennslufræði.

b. Aðrar greinar í námskjarna.**c. Uppeldisfræðilegt sérsvið.****d. Valgrein I.****e. Valgrein II.**

Starfseinkunn ein skal gefin í kennslu, sbr. námskrá.

Í greinum námskjarnans, sem um ræðir í b-lið, skal lágmarkseinkunn eigi vera lægri en 4.

Á uppeldisfræðilegu sérsviði og í valgrein I og II, hvorri um sig, svo og í kennslu, skal lágmarkseinkunn vera 5.

Meðaleinkunn úr öllum prófgreinum og kennslu skal eigi vera lægri en 5.

Kennarar í einstökum greinum skulu staðfesta, að þátttaka og árangur í öðru námsefni, t. d. í námskeiðum annars og þriðja árs, hafi verið fullnægjandi, sbr. 22. gr. 2. tl. Það á einnig við kennslufræði á 2. ári.

C. Á prófum, sem þreytt eru að afloknu níu mánaða námi á uppeldisfræðilegu sérsviði, sbr. 5. gr. laga nr. 38/1971, skal meðaleinkunn í bóklegum og verklegum greinum hvorum fyrir sig eigi vera lægri en 5 til að standast prófið. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði þessarar reglugerðar um mætningar, próf og einkunnagjöf, eftir því sem við getur átt í námi þessu.**Skrifleg próf.**

30. gr.

1. Ef verkefni eru einstaklingsbundin, er heimilt að draga um þau.
2. Í tilkynningu um próf skal tilgreint, hver hjálpargögn séu heimil í prófinu og hvenær þeim skuli skilað.
3. Til kennaraprófs skal heimaritgerðum skilað í tveimur eintökum, og heldur skólinn öðru eftir.

Munnleg og verkleg próf.**31. gr.**

1. Ef heimilaður er undirbúningstími fyrir próf, skal tilgreina lengd hans í auglýsingu prófsins. Sá tími skal þó eigi fara fram úr 4 klukkustundum eftir að nemandi hefur fengið verkefnið í hendur, nema sérstök rök komi til, og undirbúningi og prófi skal lokið á sama degi.

Draga skal um verkefni og röð nemenda í einstaklingsprófum.

Heimilt er að prófa í sérverkefni nemenda, og er þá ekki dregið um efni.

2. Kennari stjórnar prófinu. Prófdómara er heimilt að taka þátt í samræðunni.
3. Munnleg próf fara fram í heyranda hljóði.

32. gr.

1. Einkunnir skulu gefnar í öllum greinum, nema öðruvísi sé fyrir mælt.

Þær skal gefa í tölunum 0—10 með fjórðungsbilum. Er 9—10 ágætiseinkunn, 7—8,99 fyrsta einkunn, 6—6,99 önnur einkunn, og 5—5,99 þriðja einkunn.

2. Greini kennara og prófdómara á, gildir meðaltalið af einkunnum þeirra beggja, eða sú tala einkunnastigans, sem næst er fyrir ofan það.

V.**Þjálfun í starfi.****33. gr.**

1. Að afloknu samfelldu námi og prófum í Kennaraháskóla Íslands skulu kennarar njóta eins árs leiðsögu og þjálfunar í starfi. Með því skal fram haldið í starfinu skilgreindum viðfangsefnum kennaranámsins, nýliðanum gerður kostur á að glöggva sig á markmiðum þess og endurmeta þau og sjálfan sig í verki. Jafnframt á leiðsagan að tryggja það, að nýliðanum séu ekki fengin meiri verk í hendur en vænta má, að hann valdi, sér og nemendunum að meina-lausu.
2. Samvinna Kennaraháskólans, fræðslufirvalda í héraði og skólanna í landinu á að glæða gagnkvæman skilning og greiða fyrir raunhæfum lausnum á sameiginlegum vanda og viðfangsefnum.
3. Þegar nýliði hefur verið ráðinn að skóla, hvort heldur hann er stundakennari eða fastráðinn á fyrstu kennsluári sínu eftir kennarapróf, skal fræðslustjóri setja honum leiðsögukennara að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólastjóra. Ef enginn er fræðslustjóri yfir skólahverfinu, skal hlutaðeigandi skólastjóri fá nýliðanum leiðsögukennara, að höfðu samráði við næstu fræðslufirvöld.
4. Leiðsögukennari ræðir vikulega eða oftari við nýliða um kennsluáætlanir hans, áður en þær eru reyndar í kennslu, og auðveldar honum að meta eftir á, hversu til tókst í verki. Öll viðleitni leiðsögukennara skal og að öðru leyti miða að því að efla nýliðann til starfa. Fræðslufirvöld í héraði skulu halda eigi færri en tvo viðræðufundi með sérfræðingum, leiðsögukennurum og nýliðum á skólaárinu, hinn fyrri eigi síðar en í annarri viku októbermánaðar, hinn síðari eigi síðar en í þriðju viku marsmánaðar. Fræðslustjóri eða fulltrúi fræðslufirvalda í héraði stýrir fundum þessum. Skal hann kynna þá þjónustu, er þau mega láta kennurum í té. Á síðari fundinum skulu nýliðar leggja fram gagnorða skýrslu um þau vandamál starfs, er þeim bar að höndum. Skulu skýrslurnar ræddar og skýrðar á fundinum. Gerðir slíkra funda skulu bókaðar. Leiðsögukennari sendir rektor Kennaraháskólans afrit af skýrslunum við fyrstu hentugleika. Kennaraháskólinn lætur fræðslufirvöldum í héraði og leiðsögukennurum í té leiðbeiningar um þau störf, er þeir skulu sinna í þágu nýliðanna.

5. Í skólahverfum þar sem svo hagar til, að framangreindri skipan verður ekki við komið, skulu hlutaðeigandi fræðslufirvöld í héraði hafa samráð við Kennaraháskóla Íslands um framkvæmdina.

34. gr.

1. Skýrslur um vandamál nýliða skulu lagðar fyrir skorarstjóra í Kennaraháskólunum, eftir því hver aðalgrein nýliðans er. Leiðsögu kennarar og nýliðar geta snúið sér beint til hans um þau viðfangsefni, er varða sérgrein hans.
2. Skorarstjórar skulu, áður en vormisseri er liðið, gera skólaráðsfundi grein fyrir skýrslunum og markverðum ályktunum, er af þeim megi draga.
3. Áður en nýliði er skipaður í stöðu, skal Kennaraháskólinn staðfesta, að vitnaskja hafi borist um þá leiðsögu, er kennarinn hafi notið.

VI.

Stjórn skólans og starfslið.

35. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

36. gr.

1. Ráðherra til ráðuneytis og samstarfs um menntun kennara skal vera skólanefnd kennaraskóla, skipuð til fjögurra ára. Í nefndinni skal vera, auk rektors Kennaraháskóla Íslands eða fulltrúa hans, einn fulltrúi tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila: Skólastjórn Kennaraháskóla Íslands, sérkennaraskólum sameiginlega, háskólaráði, Sambandi íslenskra barnakennara, Landssambandi framhaldsskólakennara, Félagi háskólamenntaðra kennara, samtökum íslenskra kennaranema (nefndur til tveggja ára), fræðslustjórum og menntamálaráðuneytinu. Er fulltrúi þess formaður nefndarinnar.
2. Skólanefndin skal vera samstarfsnefnd stofnana, er annast kennaramenntun, starfandi kennara á skyldunámsstigi og aðila, sem stjórna eða hafa umsjón með kennaramenntun og skyldunámi í landinu. Hlutverk nefndarinnar er að treysta samstarf milli þeirra, greiða fyrir upplýsinga- og skoðanaskiptum, meta fengna reynslu af nýmælum í menntun kennara og leggja á ráðin um það, sem horfir til framfara í þeim efnum. Nefndin skilar ráðherra álitserð einu sinni á ári hið minnsta. Formaður skal kveðja til nefndarfunda eigi sjaldnar en einu sinni á ári, að jafnaði í júnímánuði. Auk þess skal formaður kveðja nefndina til fundar, ef þriðjungur skólanefndarmanna æskir þess.

Skólastjórn og skólaráð.

37. gr.

Skólastjórn skipa rektor og fastir kennarar Kennaraháskólans, skólastjóri Æfinga- og tilraunaskólans ásamt einum fulltrúa tilnefndum af nemendaráði fyrir hverja aðra fjóra fulltrúa, er sæti eiga í skólastjórn. Fastráðnir kennarar við gömlu deildirnar, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971, eiga sæti og atkvæðisrétt í skólastjórn, þegar fjallað er um málefni, er varða þær deildir. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs víkja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.

38. gr.

1. Rektor kveður skólastjórn til fundar, að höfðu samráði við skólaráð, tvisvar á hverju skólaári hið fæsta. Til fundar skal boða með einnar viku fyrirvara.

Auk þess skal rektor kveðja til fundar, ef þriðjungur skólastjórnarmanna hið minnsta æskir þess. Til skólastjórnar er skólaráðsmanni heimilt að skjóta ályktun skólaráðs, nema hún varði mál, sem ráðinu ber einu lögum samkvæmt að ráða til lykta, enda hafi hann til þess stuðning þriðjungs skólaráðsmanna hið fæsta.

2. Í skólaráði eiga sæti rektor, skorarstjórar, þrír fulltrúar tilnefndir af nemendaráði og einn fulltrúi lausráðinna kennara Kennaraháskólans. Deildarkennarar eiga sæti og atkvæðisrétt í skólaráði í málefnum, er varða gömlu deildirnar sérstaklega. Þegar fjallað er um slík málefni, skulu tveir fulltrúar nemendaráðs vikja sæti fyrir tveimur fulltrúum nemenda þeirra deilda.
3. Skólaráð er rektor og skólastjórn til aðstoðar við umsjón með stofnuninni. Skólaráð hefur fundi eftir þörfum, en vikudagar til reglulegra funda skulu ákveðnir í upphafi skólaárs.
4. Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar og skólaráðs, en aðstoðarrektor ritari. Í forföllum rektors er aðstoðarrektor í forsæti.
5. Á fundum skólastjórnar og skólaráðs verður ályktun því aðeins gild, að tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna saki fund hið fæsta. Á fundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða staðgengils hans.

Rísi ágreiningur um, hvort tilteknu málefni skuli ráðið til lykta af rektor, skólastjórn eða skólaráði, sker menntamálaráðherra úr.

39. gr.

1. Rektor skal kjörinn af skólastjórn úr hópi fastra kennara til 4 ára í senn. Endurkjósa má rektor einu sinni án lotuskila. Rektor skal kjörinn í janúar-mánuði og taka við embætti 1. ágúst, utan hvað hann ber ábyrgð á tillögum til fjárlaga fyrir næsta ár eftir að hann var kjörinn.
2. Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa að nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.
3. Ef aðeins einn kennari er við skor, gegnir hann skyldum skorarstjóra, ella skal skorarstjóri kosinn til tveggja ára úr hópi fastra kennara skorar föstudaginn í annarri viku aprílmánaðar eða þann virkan dag, er næstur fer á eftir honum, ef föstudagur er helgur dagur, og tekur hann við starfinu 1. júlí. Kosning skal vera skrifleg, og er sá rétt kjörinn skorarstjóri, er hlýtur flest atkvæði. Fráfarandi skorarstjóri stjórnar kosningu, í forföllum hans sá kennari skorar, er lengstan á þar starfsaldur.
4. Skorarstjórar hafa umsjón með greinum skorar sinnar í öllum deildum skólans. Nú eru fleiri en ein grein í skor, og skal þá kosinn aðalkennari í hverri þeirra. Er hann skorarstjóra til aðstoðar við umsjón með kennslu í grein sinni. Aðalkennarinn skal kosinn að lokinni kosningu skorarstjóra af föstum kennurum í greininni úr hópi þeirra, er mesta hafa umsjónarskyldu samkvæmt embætti sínu. Að öðru leyti fer um kosningu aðalkennara eftir sömu reglum og um kosningu skorarstjóra, eftir því sem við getur átt.
5. Lausráðnir kennarar kjósa fulltrúa sinn í skólaráð til eins árs með sama hætti fyrsta föstudag í október.

Nemendaráð.**40. gr.**

Í Kennaraháskóla Íslands skal starfa nemendaráð, er tilnefni fulltrúa nemenda í skólastjórn og skólaráð, ennfremur er það rektor til ráðuneytis í málefnum skólans. Skal það kosið af nemendum skólans til eins árs í senn samkvæmt lýðræðisreglum.

Nemendur skulu jafnan eiga tilskilinn fjölda fulltrúa í skólastjórn og skólaráði, en sjálfir setja þeir reglur um kosningu þeirra.

Starfslið.**Kennarar.****41. gr.**

1. Fastir kennarar skólans eru prófessorar, dósentar og lektorar. Au þess starfa við skólann aðjunktur, sem menntamálaráðuneytið ræður til tveggja ára hið skemmsta, að fengnum tillögum skólaráðs. Skólaráð ræður stundakennara.
2. Skipa skal allt að sjö prófessora og allt að níu dósentar.
Um tölu lektora fer eftir ákvörðun menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólaráðs.
3. Um vinnutíma kennara, árlegan eða vikulegan, fer eftir kjarasamningum eða dómi kjaradóms, sbr. 42. gr. 6. tl.

42. gr.

1. Kennarar skólans skiptast á skorir eftir kennslugreinum sínum.
2. Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora.
3. Þá eina má skipa fasta kennara, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá háskóla eða annarri sambærilegri stofnun í aðalgrein þeirri, er þeir eiga að kenna, svo og prófi í uppeldis- og kennslufræðum. Þó má veita umsækjanda, sem ekki fullnægir þessum skilyrðum, stöðuna, ef meiri hluti dómnefndar telur hann hæfan til að gegna starfinu.
4. Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna stöðu prófessors eða dósentar. Skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina, Háskóli Íslands annan, skólaráð Kennaraháskóla Íslands hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem lokið hafa háskólaprófi í hlutaðeigandi grein eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar í greininni.

Heimilt er skólaráði að hlutast til um, að samskonar dómnefnd fjalli um hæfni umsækjenda um lektorsstöður, enda komi til samþykki menntamálaráðuneytisins.

5. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita og rannsókna umsækjanda, svo og námsferli hans og störfum, megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Skal sérstakur gaumur gefinn að uppeldis- og kennslustörfum hans. Álitsgerð nefndar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti eða dósentastarf við Kennaraháskóla Íslands, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess.

Enn fremur skal leita álits skólaráðs Kennaraháskóla Íslands um umsækjendur, hvort heldur eru prófessorar, dósentar eða lektorar.

Dómnefnd skal að jafnaði skila rökstuddu áliti eigi síðar en tveimur mánuðum eftir skipun.

6. Störf prófessora, dósentar og lektora skiptast á kennslu, stjórnun og rannsóknarstörf. Að jafnaði skal starf prófessors vera rannsóknir að meiri hluta og stjórnun eigi fara fram úr 15—20% af heildarstarfi hans, kennsla dósentar skal að jafnaði vera um helmingur af heildarstarfi hans, og kennsla lektors að jafnaði meiri en helmingur af heildarstarfi hans. Stjórnunarstörf dósentar og lektors skulu að jafnaði eigi fara fram úr 10% af heildarstarfi þeirra. Skólaráð ákveður hlutfallið milli þessara starfa í tæka tíð vegna undirbúnings fjárlaga, enda hafi skorarstjórnar, að höfðu samráði við kennara skorar, lagt fram tillögur að starfsáætlun þeirra.
7. Kennarar skulu skila rektor skýrslu um rannsóknarstörf sín eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
8. Nú er tilskilinn stundafjöldi ekki fyrir hendi á háskólastiginu, og er þá lektor skylt að kenna í öðrum deildum skólans, sbr. 24. gr. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, svo að kennsluskyldu hans sé fullnægt.

43. gr.

1. Rektor stjórnar daglegri starfsemi skólans og hefur umsjón með henni. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan.
2. Rektor ber ábyrgð á því, að starfsemi skólans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila um fjárreiður, skipulag og áætlanagerð um framkvæmdir í skólanum og hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum.
3. Hann skal taka ákvarðanir í málum, er varða skólastjórnina, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Aðrir starfsmenn.

44. gr.

Aðstoðarrektor, er rektor ræður úr hópi fastra kennara, skal vera honum til aðstoðar í daglegu starfi og staðgengill hans kjörtímabilið.

1. Aðstoðarrektor hefur eftirlit með því, að færðar séu skrár og skýrslur. Má þar til nefna:
 - 1) nemendaskrá, bæði í bók og spjaldskrá,
 - 2) prófbók og einkunnaspjaldskrá,
 - 3) skrá um námsefni og starfsskýrslur kennaranna,
 - 4) gerðabók skólastjórnar og skólaráðs,
 - 5) skrá um lausa muni skólans.
2. Hann skal hafa umsjón með samningu stundaskrár, skipulagningu námskeiða í stofnmenntun kennara, sbr. X. kafla, gerð próftöflu og fylgjast með framkvæmd allri.
3. Hann hefur yfirumsjón með því, að prófverkefni séu undirbúin í tæka tíð. Einnig sér hann um, að upplýsingar um skólann séu handbærar.
4. Hann hefur umsjón með því, að nemendur fái vitneskju um einkunnir sínar.
5. Þá skal aðstoðarrektor hafa umsjón með skipulagningu á námsferðum og öðrum ferðum, sem nemendur fara á vegum skólans.
6. Aðstoðarrektor hefur umsjón með því, hversu húsnaði skólans nýtist, hvort heldur er fyrir kennslu, sjálfstætt nám, próf eða til annarra þarfa, svo sem félagsstarfa nemenda og kennara.

45. gr.

Bókavörður hefur umsjón með bókakosti skólans og lestrarsölum hans og þeim kennslugögnum öðrum, sem eðlilegt er að fylgi. Hann sér um skráningu safnsins,

heldur því í röð og reglu og annast innkaup bóka og annarra gagna til safnsins í samráði við skorarstjóra, að fengnu samþykki rektors. Hann leiðbeinir nemendum um, hvernig þeir geti best hagnýtt sér bókasafn skólans. Hann skal og leiðbeina nemendum um notkun og skipulagningu bókasafna, einkum skólabókasafna, og hafa yfirumsjón með bókasafni Æfingaskólans. Hann skal vera sérfræðingur í bókasafnsfræðum og hafa nokkra kennsluskyldu í grein sinni, sbr. einnig 42. gr., 6. tl.

46. gr.

1. Námsráðunautur liðsinnir nemendum í námsvali og námsvanda, svo og um einkamál í námi og lífi. Rektor er heimilt að fela honum nokkra kennslu, sbr. þó 42. gr., 6. tl.
2. Ef þörf krefur, greinir ráðunautur vandamál nemenda með prófum og vísar þeim til sérfræðinga. Hann veitir aðstoð sína að beiðni nemenda sjálfra, aðstandenda þeirra, kennara eða rektors. Einnig gerir hann að eigin frumkvæði athuganir á aðstæðum nemenda, ef árangur þeirra er með þeim hætti, að ástæða þyki til að leita sérstakra skýringa.
3. Hann greiðir fyrir því, að nemendur séu aðstoðaðir við að meta vinnubrögð sín og námsárangur, með hliðsjón af markmiðum námsins, sbr. einnig 17. gr., 2. tl.
4. Hann veitir kennaraefnum leiðbeiningar um skynsamleg námsvinnubrögð og kynnir þeim eðli og gildi ráðgjafar í skólum. Ráðunautur fer með öll einkamál nauðleitarmanna sem trúnaðarmál.
5. Námsráðunautur skal hafa a. fullgilt háskólanám í almennri sálarfræði eða uppeldislegri sálarfræði, b. sérþekkingu í ráðgjöf, c. kennarareynslu.

47. gr.

1. Fulltrúi skal færa bækur skólans, nema öðruvísi sé ákveðið. Fulltrúi skal hafa nána samvinnu við tækjavörð, skorarstjóra og aðra kennara um kennslutæki og önnur gögn, sem þeir bera ábyrgð á, um skilvislega færslu og bókun, og hús-vörð um bókanir í þeim greinum, er störf hans varða.
2. Hann sér um skjalasafn skólans, að það sé jafnan í réttu horfi, m. a. er nákvæm skjalaskrá í verkahring hans. Hann hefur, í samráði við bókavörð, umsjón með handbókum og öðrum tækjum á skrifstofu skólans.
3. Hann skal sjá um, að jafnan séu tiltæk eyðublöð öll og nauðsynlegur skrifstofuvarningur og allt slíkt sé notað með hagfelldum hætti. Hann sér um fjölritun á nægilega mörgum stundaskrá, próftöflum og öðrum tilkynningum um störf skólans.
4. Hann sér um útskriftir úr prófbókum og önnur afrit og gengur frá tilkynningum, afgreiðir hvers konar eyðublöð varðandi umsóknir og gengur í samvinnu við aðstoðarrektor frá almennum upplýsingum til fræðsluyfirvalda.
5. Fulltrúi er aðstoðarrektor til hjálpar við að gera ársskýrslu og styðst þá við skýrslur skorarstjóra, bókavarðar, skólalæknis og nemendaráðs.
6. Í samráði við rektor og aðstoðarrektor annast hann bréfaskriftir skólans, veitir almennar upplýsingar og gengur eftir, að tilskilin skilríki fylgi umsóknum.
7. Að öðru leyti er hann rektor og aðstoðarrektor til aðstoðar í hverju efni, er stuðlar að viðgangi stofnunarinnar. Vafamál skal hann bera undir rektor eða aðstoðarrektor, hversu með skuli fara.

48. gr.

1. Gjaldkerfi ber ábyrgð á sjóðum og bókhaldi í umboði rektors.
2. Eftir forsoðn rektors sér hann um greiðslur skólans, sem ekki eru inntar af hendi hjá ríkisféhirði.

3. Í samráði við rektor sér hann um, að hvers kyns greiðslur til skólans séu inntar af hendi í tæka tíð. Hann skal vita skil á lögboðnum greiðslum skólans og annast þær á réttum gjalddögum. Ágreiningsatriði skal hann bera undir rektor.
4. Hann sendir skattstofu skrá um launagreiðslur til hvers einstaks starfsmanns og gerir grein fyrir opinberum gjöldum skólans, nema öðruvísi sé ákveðið.
5. Í samvinnu við rektor og aðstoðarrektor semur hann kostnaðaráætlun fyrir fjárlagafrumvarp ár hvert.
6. Hann skilar reikningsuppgjöri til ríkisendurskoðanda eftir þeim reglum, sem gilda á hverjum tíma.

I.

49. gr.

1. Húsvörður hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósi og hita. Hann annast einnig eftirlit með lóð skólans.
2. Hann sér um innkaup á tækjum og efni til ræstingar og annast vörslu þess.
3. Hann ræður, í samráði við rektor, starfslíð til ræstingar á húsi og húsmunum og snyrtingar á lóð og stjórnar því að verki. Hann hefur reiður á starfstíma þess og skilar fulltrúa skýrslum um hann, svo að greiðslur komi fyrir í tæka tíð.
4. Hann sér um viðhald á húsi og húsbúnaði í samræmi við þarfir og fjárlög og vekur í tæka tíð athygli á því, er vænta má að þarfnist fjárveitinga ár hvert.
5. Hann sér um, að húsakynni séu opin, þegar þörf krefur, en læst ella.
6. Hann skal leitast við að stuðla að góðri sambúð þess starfslíðs, er hann segir fyrir verkum, og annarra, er í húsinu vinna.

II.

1. Tækjavörður annast ásamt bókaverði og skorarstjórum vörslu kennslutækja skólans og greiðir fyrir nýtingu þeirra.
2. Hann annast um viðhald og viðgerðir á tækjum skólans.
3. Hann aðstoðar við verklega kennslu með því að hafa efni og tæki til reiðu, eftir því sem kennarar óska, svo og hefur hann umsjón með notum kennaranema af tækjum og efni skólans, eftir því sem heimilað er, og gætir þess, að þeir fari vel með hvað eina.

50. gr.

1. Æfingastjóri skipuleggur æfingakennslu og hefur umsjón með henni undir stjórn skólastjóra Æfinga- og tilraunaskólans, shr. 55. og 66. gr. Hann lætur æfinga- og leiðsögukennurum í té leiðbeiningar, shr. einnig 33. gr., 4. tl.

Hann er fulltrúi stofnunarinnar gagnvart æfingakennurum og skólum þeim, er menntamálaráðuneytið kveður til að gegna æfingakennslu. Hann stuðlar að greiðri samvinnu milli æfingakennara innbyrðis og tengslum þeirra við kennara Kennaraháskólans.

2. Hann gerir í tæka tíð áætlun um stundatöflu og verkaskiptingu æfingakennara í æfingakennslunni fyrir hverja námslotu, heldur skýrslu um viðfangsefni og æfingastundir nemenda.
3. Hann leiðbeinir æfingakennurum og vinnur að því, ásamt kennurum Kennaraháskólans, að þeir fylgist með því, sem efst er á baugi í kennslufræði og kennslutækni á hverjum tíma.
4. Hann er rektor og skólastjóra til fulltingis við að boða fundi með æfingakennurum og undirbúa þá, svo að þeir verði sem notadrýgstir.
5. Hann fylgist með kennslubókum og handbókum, er æfingakennsluna varða, og gerir í samráði við skólastjóra Æfingaskólans og bókavörð Kennaraháskólans tillögur um endurnýjun þeirra og viðbætur; enn fremur fylgist hann með nýjum kennslutækjum og er til ráðuneytis um kaup á þeim.

6. Hann tekur við einkunnum og skýrslum frá æfingakennurum og gengur frá endanlegum vitnisburði fyrir æfingakennslu og árseinkunn hvers kennaranema, sbr. og námsskrá.
7. Kennaranemar eru ábyrgir gagnvart æfingastjóra um ástundun, mætingar og vinnubrögð.
8. Æfingastjóri er til ráðuneytis um þjálfun nýliða í starfi og samningu ritaðra leiðbeininga um hana.

51. gr.

Fela má, ef hagstætt þykir, sama manni fleiri en eitt þeirra starfa, sem talin eru í 44.—50. gr. Kveða skal á um ráðningartíma þeirra í setningar-/skipunarbréfi eða ráðningarsamningi.

Annað starfslið ræður skólinn, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

VII.

Orlof.

52. gr.

1. Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, með föstum embættislaunum.
2. Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara.

Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlandis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnst skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrirfram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsfjárveitingu styrk, sem nemur allt að 2% af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsæfi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur 1½ árs embættislaunum hans.

3. Þess skal gætt eftir föngum, að orlof trufla ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að náminu loknu að skólamálum eða kennslu á Íslandi minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra.

Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða

kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

VIII. Rannsóknastofnun uppeldismála.

53. gr.

1. Komið skal á fót rannsóknastofnun uppeldismála. Skal hlutverk hennar vera að:

- a) vinna að fræðilegum rannsóknum á sviði sál- og félagsvísinda, og skulu að jafnaði tekin fyrir verkefni, er teljast hafa hagnýtt gildi fyrir skólastarf á Íslandi,
- b) veita kennaraefnum og öðrum háskólanemum hjálfun í fræðilegum rannsóknaraðferðum sál- og félagsvísinda.

2. Til stofnunarinnar skal ráða sérfræðinga á sviði sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði, félagsfræði og tölfræði, eftir þörfum og samkvæmt því, sem fé er veitt til í fjárlögum.

Heimilt er að fela föstum kennurum beggja háskóla rannsóknarstörf við stofnunina. Má þá léttja af þeim hluta af starfsskyldum, enda komi til samþykki háskólaráðs eða skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Eftir því sem tók eru á, skal og veita öðrum kennurum skólanna aðstöðu til eigin rannsókna í stofnuninni.

3. Stjórn Rannsóknastofnunar uppeldismála skal vera í höndum 6 manna stjórnarnefndar, er í eigi sæti:

rektor Kennaraháskóla Íslands,

rektor Háskóla Íslands,

fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum uppeldisskorar Kennaraháskóla Íslands,

fulltrúi, nefndur til tveggja ára af föstum kennurum Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði,

deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins,

formaður, skipaður af menntamálaráðherra til fjögurra ára án tilnefningar.

Tilnefning og skiptun manna í stjórnarnefnd skal vera miðuð við áramót.

4. Formaður hoðar fundi og stjórnar þeim. Fund skal og halda, ef tveir stjórnarnefndarmenn eða fleiri óska þess skriflega.

Verði atkvæði jöfn á fundum stjórnarnefndar, ræður atkvæði formanns.

5. Vísindalegu starfi Rannsóknastofnunar uppeldismála stjórnar forstjóri, kjörinn til skiptis úr og af hópi fastra kennara í uppeldisskor Kennaraháskóla Íslands og fastra kennara í heimspekideild Háskóla Íslands í sálarfræði, uppeldisfræði og félagsfræði. Kjörtímabil forstjóra er þrjú ár. Forstjóri skal taka við störfum 1. ágúst, en kosning hans skal fara fram fyrir lok janúarmánaðar, það ár er hann tekur við starfi. Þó skal hann kosinn í fyrsta sinn strax og stjórnarnefnd hefur verið skipuð, og skal fyrsti forstjóri valinn úr hópi fastra kennara við Kennaraháskólann.

Forstjóri skal hafa umsjón með framgangi rannsóknaverkefna stofnunarinnar og fjárreiðum hennar. Hann gerir tillögur til stjórnarnefndar um ráðningu starfsmanna að stofnuninni, undirbýr fjárhagsáætlanir og semur árs-skýrslu um starfsemina. Forstjóri skal ár hvert fyrir lok janúarmánaðar skila tillögum til stjórnarnefndar um þörf á fé og mannafla að stofnuninni á næsta ári.

Forstjóra er skylt að kenna a. m. k. $\frac{2}{3}$ hluta kennsluskyldu sinnar í hlutað-eigandi háskóla. Um aukavinnu forstjóra utan vébanda stofnunarinnar og viðkomandi háskóla fer eftir almennum ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. Stjórnarnefnd hefur yfirumsjón með fjárhag stofnunarinnar og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingar í fjárlögum. Hún ræður starfsmenn að stofnuninni og samþykkir val meiri háttar rannsóknarverkefna.

IX. Æfinga- og tilraunaskóli.

54. gr.

Hverfissskóli.

1. Við Kennaraháskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem jafnframt er skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurborgar.
2. Skólinn skal hafa forgöngu um nýbreytni í skólahaldi og starfa sem tilraunaskóli eftir því sem samrýmist skyldum hans sem hverfissskóla.
3. Í samræmi við hlutverk sitt sem hverfissskóli skal hann stuðla að fjölbreyttara félags- og menningarlífi fyrir íbúa hverfisins.

55. gr.

Æfingakennsla.

1. Æfinga- og tilraunaskólinn er miðstöð æfingakennslu og skal vera svo búinn mannafla, húsakosti og tækjum, að hann geti á hverjum tíma haft umsjón með æfingakennslunni, markað stefnu hennar, annast eftirlit með framkvæmd hennar í Æfingaskólanum og í öðrum skólum í samræmi við lög og reglugerðir; staðið að undirbúningsmenntun og endurmenntun þeirra, er æfingakennslu annast, heima fyrir og í öðrum skólum; sbr. og 50. gr.
2. Skólinn skal láta kennaraefnum í té æfingakennslu og aðstöðu til undirbúnings henni eftir því sem samrýmist öðrum skyldum hans.
3. Kennaraefni skulu njóta æfingakennslu á öllum skólastigum, þar sem Kennaraháskólinn veitir nemendum sínum rétt til kennslu.
4. Álag æfingakennslu í bekk skal að jafnaði eigi vera meira en hér segir:

Vikuleg áheyrn og ígripakennsla kennaraefna fari ekki fram úr 20% af kennslu í bekknum. Hámarkslengd samfelldrar kennslu kennaraefnis í sama bekk skal eigi fara fram úr 4 vikum á ári. Skylt er hlutaðeigandi æfingakennara og skólastjóra að fylgjast með því, hvort æfingakennslan veldur bagalegri truflun á starfi bekkjarins.

Æfingakennsla skal ekki fara fram síðustu $1\frac{1}{2}$ —2 mánuði skólaárs í þeim bekkjum, sem lokapróf taka.

56. gr.

Rannsóknir.

1. Æfinga- og tilraunaskólinn skal hafa með höndum uppeldislegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Rektor Kennaraháskóla Íslands og prófessorar í uppeldis- og sálarfræði við Kennaraháskólann skulu í samráði við skólastjóra Æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknastarfi þessu.
2. Rannsóknastörfin skulu einkum vera á eftirtöldum sviðum:
 - a) athuganir á kennsluaðferðum;

- b) athuganir á notagildi námsefnis, kennslubóka og kennslutækja;
- c) athuganir á félagsþroska nemenda, félagslegum vandamálum og aðlögun þeirra að skóla;
- d) einstök verkefni, uppeldis- og sálfræðileg, sem skólinn eða einstakir starfsmenn hans hafa bolmagn til að annast og fé er veitt til;
- e) fyrirgreiðsla við kennaraefni um athuganir og minniháttar rannsóknir í beinum tengslum við nám þeirra;
- f) niðurstöður markverðra athugana og rannsókna, sem gerðar eru á vegum skólans, skal hagnýta í kenningu og verki eftir því, sem við verður komið.

Um rannsóknarverkefni a-e, sem nefnd eru að framan, skal vera samvinna og verkaskipting milli Æfingaskólans og Rannsóknastofnunar uppeldismála.

57. gr.

Lesver og talkennsla.

1. Í Æfinga- og tilraunaskólanum skal reka lesver. Þar skulu lestregir nemendur rannsakaðir og fá meðferð og kennslu. Í lesverinu skal unnið að fræðilegum og hagnýtum rannsóknum á lestregðu, orsökum hennar og úrbótum. Heimilt er að taka nemendur utan skólans til rannsóknar og meðferðar.
2. Lesverið skal vera kennslu- og æfingastöð Æfingaskólans og Kennaraháskóla Íslands, að því er varðar kennslu og uppeldi lestregra og afbrigðilegra nemenda.
3. Kennaranemar Kennaraháskólans skulu eiga kost á að kynnast starfsemi stöðvarinnar. Þeir sem stunda nám í kennslu afbrigðilegra nemenda og lestregra, hljóta þar annaðhvort þjálfun eða verða undir umsjón forstöðumanns, ef þeir fá starfsþjálfun í öðrum skólum. Lesverið starfar í nánnum tengslum við sálfræðiráðgjöf og kennslufræðirannsóknir skólans.

58. gr.

Sálfræðiráðgjöf.

1. Við Æfingaskólann skal vera sálfræðiráðgjöf, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Skal þar gera tilraunir með nýjar starfsaðferðir á sviði ráðgjafar í skólum, eftir því sem við verður komið.

59. gr.

Skólasafn og kennslutæki.

1. Skólasafn og lestrarstofur skulu vera fyrir nemendur skólans og kennara. Safnvörður annast rekstur safnsins og skipuleggur not þess í samráði við kennara skólans og undir umsjón bókavarðar Kennaraháskóla Íslands.
2. Kappkosta skal, að Æfinga- og tilraunaskólinn sé búinn fullkomnustu kennslutækjum, sem völ er á í öllum greinum. Skal stöðugt afla nýrra tækja til skólans og forusta höfð um prófun þeirra og nýtingu við kennslu.

Kennaranemar skulu fá sérstaka þjálfun í notkun skólasafns, jafnt bóka sem kennslugagna, en annars fellur sá þáttur undir æfingakennslu.

60. gr.

Stjórn skólans.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirljórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar Æfingaskólans og að því er varðar fasta æfingakennara að fengnum tillögum skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Stjórn Æfingaskólans skipa rektor Kennaraháskóla Íslands, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar, skólastjóri og fastir kennarar Æfinga- og tilraunaskólans. Skólastjóri annast daglega stjórn í umboði rektors Kennaraháskóla Íslands.

Verkefni skólastjórna eru m. a.:

1. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um ráðningu kennara og annars starfslíðs. Þegar um sérfræðinga er að ræða eða æfingakennara í sérgreinum, skal leita álits námsstjóra í viðkomandi námsgreinum.
2. Að gera tillögur til menntamálaráðuneytisins um verkefni skólans, kennsluskipan og starfshætti; tillögur um byggingarmál skólans og húnað. Stjórn skólans gengur endanlega frá fjárhagstíllögum skólans, áður en þær eru sendar menntamálaráðuneytinu.
3. Stjórn skólans skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á ári eða oftar, ef þrír menn úr stjórninni óska þess. Boða skal fund með minnst viku fyrirvara. Fundur er ekki ályktunarfær, nema $\frac{2}{3}$ stjórnarmanna mæti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum við afgreiðslu mála.

61. gr.

Kennarafundir.

Verkefni kennarafunda eru þessi helst:

1. Að fjalla um málefni, er varða framkvæmd kennslu, námsvinnu og hegðun nemenda og snerta skólann eða nemendur í heild að einhverju marki.
Fjalla skal um samvinnu við foreldra, innbyrðis samstarf og verkaskiptingu kennara og hvers konar atriði í starfi skólans, er kennarar óska að taka til umræðu.
2. Skólastjóri kynnir á kennarafundum málefni skólans fyrir kennurum, hvaða verkefni séu á döfinni, leitar álits kennara á þeim og hversu haga skuli framkvæmd þeirra.

62. gr.

Skólastjóri.

Skólastjóri Æfingaskólans stjórnar daglegum störfum skólans, sbr. erindisbréf fyrir skólastjóra í barna- og gagnfræðaskólum.

Skólastjóri ber ábyrgð á, að kennsla og störf séu í samræmi við lög, reglugerðir og námsskrár, sbr. þó hlutverk skólans sem tilraunaskóla og einnig að því er snertir vísindalegar rannsóknir og athuganir. Í öllum þessum efnum hefur hann samráð við samstarfsfólk um framkvæmdir og ákvarðanir og við yfirmenn sína, þegar þörf krefur og í samræmi við ákvæði laga og þessarar reglugerðar.

Kenni skólastjóri við Kennaraháskólann eða gegni sérstökum rannsóknar- eða sérfræðiverkefnum, er heimilt að létta af honum skyldum við Æfingaskólann sem því nemur, að fengnum tillögum rektors.

Skólastjóri er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og opinbera aðila varðandi fjárreiður, skipulag og áætlanagerð um framkvæmdir við skólann. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstum.

Skólastjóri tekur ákvarðanir í málum, er varða skólastjórnina, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerðum.

Skólastjóri Æfingaskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldisgreinum, sbr. þó ákvæði 12. gr., 3. tl., síðari málsg. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, hafa kennarapróf eða kennslureynslu, hafa unnið að rannsóknum í þágu uppeldis og skóla og hafa trausta þekkingu á skóla- og uppeldismálum á Íslandi og erlendis. Heimilt er að skipa þriggja manna dómnefnd til að dæma um hæfi umsækjenda, sbr. 12. gr., 4. tl. laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands.

63. gr.

Yfirkennarar.

Við Æfingaskólann skulu starfa yfirkennarar, einn við barnastig og annar fyrir gagnfræðastig, er það tekur til starfa við skólann.

Að því er snertir störf og skyldur yfirkennara við Æfingaskólann, skal höfð í huga sérstaða skólans á sviði æfingakennslu og rannsókna. Um verkefni þeirra skal mælt í erindisbréfi.

Yfirkennara skal velja úr hópi kennara skólans á barna- og gagnfræðastigi. Skólastjóri gerir tillögu um ráðningu yfirkennara. Ráðning þeirra skal borin undir stjórn skólans og síðan lögð fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

64. gr.

Ritari.

Við skólann starfar ritari. Hann annast símavörslu, vélritun og önnur skrifstofustörf í þágu skólans.

65. gr.

Kennarar.

Við skólann starfa almennir kennarar og æfingakennarar. Æfingakennarar geta verið fastir eða lausráðnir. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar Æfingaskólans og einn fyrir hvert uppeldislegt sersvið að auki. Þeir kennarar, sem lokið hafa háskólanámi í kennslugrein eða framhaldsnámi á sersviði frá viðurkenndum skólum, þótt ekki sé á háskólastigi, skulu ganga fyrir öðrum, að öðru jöfnu, er ráðið er í stöður við skólann, enda hafi þeir einnig sannað ótvíræða hæfni sína við kennslu.

Halda skal uppi fræðslu innan Æfinga- og tilraunaskólans fyrir kennara og annað starfslíð skólans, og skal kennurum utan skólans vera heimil þátttaka, eftir því sem aðstæður leyfa. Leiðbeinendur skulu fengnir úr röðum færustu sérfræðinga innan Kennaraháskólans, Æfingaskólans og frá öðrum skólum og stofnunum. Skal árlega sótt um fé í þessu skyni, þegar skólastjórn gerir tillögur um fjárveitingar til skólans.

Störf fastra æfingakennara skiptast á almenna kennslu og æfingakennslu, auk sérverkefna, sem æfingakennslu fylgja. Kennsluskyldu sína rækir æfingakennari jöfnum höndum við Æfingaskólann og Kennaraháskólann, eftir því sem þörf krefur og í samráði við rektor Kennaraháskólans og skólastjóra Æfingaskólans. Verkefni fastra æfingakennara, auk beinnar kennslu, eru fólgin í undirbúningi æfingakennslu, niðurskipun kennsluæfinga í samráði við æfingastjóra, umsjón og eftirliti með æfingakennslu lausráðinna æfingakennara, bæði í einstökum greinum og á sersviðum. Þeir annast viðtöl við kennaranema, vinna með þeim og leiðbeina þeim við undirbúning kennslu og gagnrýni á henni, taka þátt í samstarfi við aðra kennara innan Æfingaskólans og utan, m. a. leiðsögukennara kennaranema, og sitja kennarafundi af ýmsu tæi. Þá er æfingakennara heimilt og skylt að verja hluta af starfstíma sínum til að fylgjast með nýjungum í grein sinni og skólastarfi almennt. Til þessara verkefna, svo og annarra, sem skólastjórn ákveður á hverjum tíma, skal fastaráðnum æfingakennurum ætlaður nægilegur tími við ákvörðun kennsluskyldu samkvæmt kjarasamningum. Æfingakennari skal vinna þessi störf sín í skólanum, eftir því sem unnt er.

Heimilt er skólastjóra að kveðja almenna kennara Æfingaskólans til þátttöku í sameiginlegum sérverkefnum skólans, sem talin voru hér að framan. Ennfremur er skólastjóra heimilt að kveðja almenna kennara og æfingakennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, sérstaka undirbúningsvinnu við námsefnisgerð,

skipulagsvinnu, rannsóknir o. fl. Skal þá fækka kenndum stundum sem því nemur, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins. Almennir kennarar skulu á sama hátt og æfingakennarar inna sérverkefni sín af hendi í skólanum (eða öðrum skólum), eftir því sem unnt er. Jafnan skal ákveða, eftir því sem fært er, verk-svið og stundatöflu kennara ár hvert fyrir lok þess kennsluárs, sem á undan því fer.

Kennaraskipti geta átt sér stað um eins árs skeið milli Æfingaskólans og annarra skyldunámsskóla með gagnkvæmu samkomulagi kennara og skólastjóra viðkomandi skóla og að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

66. gr.

Forstöðumaður lesvers.

Forstöðumaður annast eða hefur umsjón með leshjálp og stuðningskennslu nemenda á skyldunámstigi í skólanum. Forstöðumaður skipuleggur áheyrnar- og leiðsagnartíma fyrir kennaranema í samvinnu við æfingastjóra.

Forstöðumaður lesvers skal hafa umsjón með framkvæmd stuðningskennslu treggreindra og afbrigðrilegra nemenda í Æfingaskólanum, nema önnur skipan sé gerð.

Forstöðumaður lesvers annast einnig eða hefur umsjón með rannsókn á tal- og málhömluðum nemendum og annast meðferð þeirra og kennslu.

Forstöðumaður lesvers skal hafa sérmenntun sem lestrarfræðingur og hafa sannað hæfni sína við almenna lestrarkennslu og þjálfun lestreggra. Æskilegt er, að forstöðumaður hafi einnig réttindi sem talkennari.

67. gr.

Félagsráðgjafi.

Heimilt er að ráða félagsráðgjafa til starfa við Æfingaskólann, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann skal hafa félagsráðgjafamenntun og reynslu af störfum í skóla, ef þess er kostur.

Verkefni félagsráðgjafa eru m. a. þessi:

1. Aðstoða einstaka nemendur, sem eiga í uppeldislegum og félagslegum erfiðleikum, svo og foreldra þeirra og kennara.
2. Vera til ráðuneytis um félagsmál nemenda, kennara og foreldra.
3. Vinna fagvinnu með sálfræðiráðgjafa, forstöðumanni lesvers, skólalækni og hjúkrunarkonu.
4. Í störfum sínum skal hann vera skólastjóra og starfsfólki skólans til aðstoðar og annast samhæfingu framangreindra verkefna, innan skóla og utan, svo að þau komi að sem bestum notum.
5. Vinna að gagnasöfnun frá foreldrum, kennurum og stofnunum í sambandi við rannsóknir, sem skólinn og starfsmenn hans hafa með höndum.

68. gr.

Sálfræðiráðgjafi.

Sálfræðiráðgjafi, sbr. 58. gr., skal vinna sérfræðistörf sín í þágu skólans alls, eftir því sem aðstæður leyfa. Þegar um rannsókn á einstökum nemendum er að ræða, skal fyrst leita samþykkis foreldra. Rannsókn, greiningu og ráðgjöf skal vinna í samstarfi við þá, sem úrslitaáhrif hafa í lífi skjólstæðings: foreldra, bekkjarkennara, stuðningskennara o. s. frv. Áherslu skal þannig leggja á hinn félagssálfræðilega þátt við rannsókn og ráðgjöf. Sálfræðileg próf skal nota í markvissu samhengi við könnun á starfhæfi og kunnáttu nemandans, þ. e. beita þeim á svipaðan hátt og greinandi kunnáttuprófum og til þess að fá leiðbeiningar um

2. Veita upplýsingar um framhaldsnám fyrir kennara við innlendar og erlendar menntastofnanir og enn fremur hafa svo sem kostur er á upplýsingar um námskeið, ráðstefnur, skólamót og sýningar erlendis, sem íslenskir kennarar ættu kost á.

74. gr.

Kennaraháskólinn skal gera áætlun um endurmenntun og viðbótarmenntun starfandi kennara eitt til tvö ár fram í tímann. Til ráðuneytis rektor og endurmenntunarstjóra við áætlanagerð þessa, skal starfa 5 manna nefnd, sem skipuð er af menntamálaráðuneytinu til þriggja ára í senn eftir tilnefningu eftirtalinna aðila:

- 1) Sambands íslenskra barnakennara,
- 2) Landssambands framhaldsskólakennara,
- 3) Félags háskólamenntaðra kennara,
- 4) Háskóla Íslands

og einn án tilnefningar.

Rektor Kennaraháskólans er formaður nefndarinnar og endurmenntunarstjóri ritari.

75. gr.

Auglýsa skal öll námskeið og aðra endurmenntun og viðbótarmenntun með góðum fyrirvara. Í auglýsingum skal getið, hvar og hvenær nám hefst og hvaða inntökuskilyrði eru sett og hve lengi námið skal standa. Enn fremur með hvaða hætti kennsla fari fram, en eftirtaldir námsleiðir skulu m. a. nýttar eftir því sem henta þykir í hverju tilviki:

- 1) erindaflokkar
- 2) námskeið
- 3) bréfaskóli
- 4) útvarp (hljóðvarp og sjónvarp)
- 5) sumarskóli
- 6) vetrarnám.

Við skipulagningu endurmenntunar og viðbótarmenntunar skal leitast við að hafa hvern námsþátt sjálfstæðan, svo að hann nýtist, en jafnframt skipuleggja nám sem áfanga stærri heildar í einstökum greinum og gefa kennurum kost á að ljúka prófum eftir að hafa stundað nám á þennan hátt. Þá skal gefa út próf-skirteini, sem sýnir hvaða námsáfanga er lokið. Ætíð skal að loknu námskeiði láta þátttakendum, sem fullnægt hafa settum reglum um námskeiðssókn, í té vottorð um þátttöku í námskeiðinu.

Heimilt er kennara í orlofi að stunda nám í einstökum greinum við Kennaraháskólann. Hann skal þá sækja um það fyrir 15. febrúar og tilgreina þær námsgreinar, er hann kysir að nema.

76. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að ákveða sérstakt innritunargjald vegna námskeiða eða annarrar endurmenntunar. Því fé, sem þannig kemur inn, hefur skólinn heimild til að ráðstafa í þágu þeirra, sem sækja viðkomandi nám.

77. gr.

Þegar um er að ræða nýjar námsgreinar eða námsgreinar, sem teknar hafa verið til gagngerðrar endurskoðunar af fræðslufyrirvöldum og til þess ráðnir sérstakir starfsmenn (fagnámstjórar), skulu þeir hver í sinni sérgrein vera Kennaraháskólanum til ráðuneytis við skipulagningu og framkvæmd kennaraþjálfunar, og skal það vera hluti af þeirra starfi.

vafaatriði, sem skjólstæðingi eru mikilvæg. Til starfsins skal ráða mann með sérfræðimenntun í skólaráðgjöf, ef þess er kostur.

69. gr.

Húsvörður.

Húsvörður hefur umsjón með húsum skólans og húsmunum, ræstingu, ljósi og hita, svo og lóð skólans. Í erindisbréfi skal kveðið á um verkaskiptingu hans við húsvörð Kennaraháskóla Íslands. Einnig hefur hann umsjón með dyravörslu, umgengni á göngum og í fatageymslu. Til starfsins skal ráða öðrum fremur mann, sem þekktur er að góðri umgengni við börn.

70. gr.

Stofnkostnaður Æfinga- og tilraunaskólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $\frac{3}{5}$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $\frac{2}{5}$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara, efni til handavinnukennslu og tilraunakostnað.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

71. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraháskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraháskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

X. Endurmenntun og viðbótarmenntun kennara.

72. gr.

Rektor ræður að fenginni umsögn skólaráðs sérstakan mann til þess að hafa með höndum skipulagningu á og umsjón með störfum Kennaraháskólans að endurmenntun kennara, sbr. 2. gr., 5. tl., og nefnist hann endurmenntunarstjóri. Einnig ræður rektor ritara til aðstoðar við þessi störf og önnur í þágu skólans. Kveða skal á um starfssvið og ráðningartíma í ráðningarsamningi. Laun endurmenntunarstjóra og ritara greiðast úr ríkissjóði, en annar kostnaður af sérstakri fjárveitingu til kennaranámskeiða.

73. gr.

Endurmenntunarstjóri skal ásamt rektor og skólaráði Kennaraháskólans annast eftirtalið:

1. Vinna að því, að kennarar, skólastjórar og aðrir starfsmenn skóla eigi að jafnaði kost á margvíslegu námi, svo að þeir geti:
 - a) endurmenntað sig sífellt hver á sínu sviði og kynnst nýjungum í námsefni og kennslu;
 - b) sérhæft sig í einstökum námsgreinum til kennslu á ákveðnu skólastigi eða öðrum viðfangsefnum í þágu skólastarfs;
 - c) afla sér réttinda til starfs eftir því sem lög krefjast og launahækkana í samræmi við aukna menntun eftir því sem kveðið er á um í kjarasamningum.

78. gr.

Nýta skal húsakynni Kennaraháskólans og Æfinga- og tilraunaskólans fyrir endurmenntun kennara eftir því sem við verður komið og æskilegt þykir. Búa skal skólana svo að tækjum og starfsliði, að unnt sé á viðunandi hátt að sinna þessu verkefni. Nægi eigi húsakynni þessara skóla, skal heimilt að fá til afnota húsnæði í öðrum skólum, þegar þörf krefur, ýmist í Reykjavík eða annars staðar á landinu, einkum í heimavistarskólum, sem vel henta.

79. gr.

Samstarf skal haft við sérkennaraskóla að því er varðar endurmenntun í námsgreinum, sem þeim er falið að sinna.

80. gr.

Óski kennarasamband og einstakir kennarahópar að efna til námskeiðs og njóta til þess fulltingis Kennaraháskóla Íslands, skulu viðkomandi aðilar senda beiðni ásamt starfs- og kostnaðaráætlun til skólans fyrir 1. apríl árið áður en námskeið á að halda, svo að unnt sé að taka afstöðu til umsóknarinnar í sambandi við gerð fjárlagatillagna skólans.

81. gr.

Ef samtök eða hópar erlendra kennara hyggjast sækja Ísland heim og leita eftir því við Kennaraháskólann, að hann láti þeim í té námskeið um íslensk efni eða aðra þá fræðslu, er kostnaði veldur, úrskurðar menntamálaráðuneytið hvort því skuli sinnt. Ef svo skal gert, sker ráðuneytið og úr um það hvort Kennaraháskólinn skuli annast verkið eða umsækjendum bent á að leita til annarra íslenskra aðila, sem vandabundnari eru viðfangsefnunum.

82. gr.

Endurmenntunarstjóri skal í samráði við rektor annast útvegum leiðbeinenda og kennara til kennslu vegna endurmenntunar kennara, sem ekki fellur inn í ársstarf fastra starfsmanna Kennaraháskólans og Æfingaskólans. Fyrir kennslu, sem eigi fellur inn í stundaskrá fastráðinna kennara á venjulegum starfstíma skóla, skal greiða samkvæmt gjaldskrá, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið. Á sama hátt skal ákveða greiðslur vegna annarra starfa, sem tengd eru endurmenntun, ef ekki gilda um þau ákvæði í kjarasamningum.

83. gr.

Þegar ákveðnar eru greiðslur af ríkisfé til þeirra, sem leggja stund á endurmenntun eða viðbótarmenntun, skal endurmenntunarstjóri úrskurða og staðfesta með áskrift sinni, hvort viðkomandi kennari eigi rétt á greiðslum samkvæmt reglum, sem um það gilda. Skal gera sérstök eyðublöð fyrir umsóknir um styrkveitingu þessa, og ber viðkomandi kennara að senda skriflega umsókn. Vafaatriðum skal vísa til menntamálaráðuneytisins.

84. gr.

Árlega, eigi síðar en 15. maí, skal gerð kostnaðaráætlun um kennaranámskeið næsta árs og hún send til menntamálaráðuneytisins til athugunar í sambandi við undirbúning fjárlaga.

85. gr.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 38/1971, um Kennaraháskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 31. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.